

FUNDARGERÐ

Nefnd: Framkvæmdarnefnd starfsmats

Viðstaddir: Anna María Frímannsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Berglind Eva Ólafsdóttir, Marta Ólöf Jónsdóttir, Ragnar Ólason.

Starfsmenn: Steinvör Laufey Jónsdóttir, Alma Mjöll Ólafsdóttir, Helga Björg O. Ragnarsdóttir og María Björk Lárusdóttir.

Fundardagur: 22.05.2025

Tími: 8:30 – 8:40

Fundarstaður: Fjarfundur

I. Afgreiðsla:

Farið var yfir störf og starfsmatslínur Þroskaþjálfafélags Íslands.
Eftirfarandi störf voru samþykkt:

BHM-54 Þroskaþjálfí í leikskóla

BHM-56 Yfirþroskaþjálfí í leikskóla

BHM-97 Þroskaþjálfí í grunnskóla

BHM-98 Þroskaþjálfí í sérdeild

BHM-99 Þroskaþjálfí í sérdeild-sérúrræði

Viðstaddur stéttarfélagsfulltrúi ÞÍ: Anna Lilja Magnúsdóttir

Sjá starfsmatslínur og starfaskilgreiningar í meðfylgjandi fylgiskjali.

Fundi slitið: 8:40

BHM-54 Þroskaþjálfí í leikskóla 612 121 65 65 39 52 30 40 40 52 26 13 39 30

Gerð er krafa um að starfsfólk hafi háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar og starfsleyfi til að vinna sem slíkur. Starfið felur í sér ábyrgð á velferð barna. Þroskaþjálfí vinnur að greiningum á nemendum og vinnur einstaklings- og hópaáætlanir. Í starfinu felst reglulegt líkamlegt erfiði t.d. að fólk geti þurft að vinna í erfiðum eða óþægilegum vinnustellingum og í húsnæði/vinnuaðstæðum þar sem fatlaðir nemendur eru ekki hafðir í huga.

BHM-56 Yfirþroskaþjálfí í leikskóla 654 121 65 78 39 65 20 40 40 65 39 13 39 30

Gerð er krafa um að starfsfólk hafi háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar og starfsleyfi til að starfa sem slíkur. Einnig eru gerðar kröfur um reynslu af starfi með börnum. Starfið felur í sér ábyrgð á sérhæfðri stuðningsvinnu og þjálfun nemenda með fjölbreyttar þarfir og áskoranir, þar á meðal félagslegar tilfinningalegar og hegðunarlegar. Starfið felst í að vinna að lausnum sem hafa mikil áhrif á velferð nemenda. Starfið felur einnig í sér viðvarandi verkstjórnun, leiðsögn til annars starfsfólks og eftirlit með vinnu annarra. Yfirþroskaþjálfinn skipuleggur innra starf ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eftir því sem við á.

BHM-97 Þroskaþjálfí í grunnskóla 654 121 65 78 39 65 20 40 40 65 39 13 39 30

Gerð er krafa um að starfsfólk hafi háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar og starfsleyfi til að vinna sem slíkur. Starfið felur í sér ábyrgð á velferð nemenda. Þroskaþjálfí vinnur að greiningum á nemendum og vinnur einstaklings- og/eða hópaáætlanir. Starfið felst m.a. í að halda utan um teymisfundi/þjálfunarfundi vegna nemenda og fylgja eftir áætlunum. Í starfinu felst að jafnaði takmarkað líkamlegt erfiði en reglubundið er þess krafist að þroskaþjálfí vinni í erfiðum og óþægilegum vinnustellingum þegar það aðstoðar nemendur. Þroskaþjálfí getur í starfi orðið fyrir hótunum, ofbeldi eða ógnandi hegðun.

BHM-98 Þroskaþjálfí í sérdeild 654 121 65 78 39 65 20 40 40 65 39 13 39 30

Gerð er krafa um að starfsfólk hafi háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar og starfsleyfi til að vinna sem slíkur. Starfið felur í sér ábyrgð á velferð nemenda með sértækar þarfir. Þroskaþjálfí vinnur að greiningum á nemendum og vinnur einstaklings- og/eða hópaáætlanir og fylgir þeim eftir með teymis/þjálfunarfundum. Í starfinu felst að jafnaði takmarkað líkamlegt erfiði en reglubundið er þess krafist að þroskaþjálfí vinni í erfiðum og óþægilegum vinnustellingum þegar það aðstoðar nemendur. Þroskaþjálfí getur í starfi orðið fyrir hótunum, ofbeldi eða ógnandi hegðun.

BHM-99 þroskaþjálfari í sérdeild – 674 121 65 78 39 65 30 40 40 65 39 13 39 40
sérúrræði

Gerð er krafa um að starfsfólk hafi háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar og starfsleyfi til að vinna sem slíkur. Starfið felur í sér ábyrgð á velferð nemenda með flóknar og sértækar þarfir. Þroskaþjálfinn hefur umsjón með nemendum sem eru með greiningar, vinnur einstaklings- og hópaáætlanir og fylgir þeim eftir með teymis/þjálfunarfundum. Í starfinu felst að jafnaði takmarkað líkamlegt erfiði og reglubundið er þess krafist að þroskaþjálfari vinni í mjög erfiðum og óþægilegum vinnustellingum þegar það aðstoðar nemendur. Þroskaþjálfari getur að jafnaði í starfi orðið fyrir hótunum, ofbeldi eða ógnandi hegðun.